

## REGLUR

### um breytingu á reglum nr. 398/2004, um Raunvísindastofnun Háskólans.

#### 1. gr.

Annar málslíður 1. mgr. 4. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

Til aðstöðu teljast skrifstofur og búnaður þeirra, rannsóknarstofur, mælitæki og áhöld og efni sem notuð eru til mælinga og gagnasöfnunar á rannsóknarstofum og við útvinnu svo og geymslur fyrir tæki og búnað og vinnuaðstaða styrkþega og nemenda í framhaldsnámi.

#### 2. gr.

Fjórða málsgrein 8. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Að fenginni umfjöllun stofnunarfundar, eða stofufundar sé stofnuninni skipt í stofur, um ráðningu sérfræðinga skv. b-lið 11. gr. gerir stjórn viðkomandi stofnunar tillögu til rektors um veitingu starfsins, í samræmi við reglur sem raunvísindadeild hefur samþykkt.

#### 3. gr.

Fyrsta málsgrein 13. gr. breytist og verður svohljóðandi:

Heimilt er að ráða forstöðumann til stofnana innan Raunvísindastofnunar. Forstöðumaður skal ráðinn á grundvelli hæfnismats skv. III. kafla reglna nr. 458/2000 og að fenginni tillögu stjórnar viðkomandi stofnunar. Sé ekki ráðinn forstöðumaður til stofnunar kemur formaður stjórnar fram fyrir hönd stofnunarinnar og annast daglegan rekstur hennar.

#### 4. gr.

Lokamálsliður ákvæðis til bráðabirgða í reglunum breytist og verður svohljóðandi:

Skipunartími núverandi varamanns fulltrúa starfsmanna og varaformanns framlengist til sama tíma, en frá og með 1. október 2004 taka formenn bráðabirgðastjórna JH og EH við umboði stofustjóra til setu í stjórn RH.

#### 5. gr.

Reglur þessar sem háskólaráð hefur sett á grundvelli heimildar í 2. mgr. 9. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands, sbr. 27. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands, öðlast þegar gildi.

*Háskóla Íslands, 4. nóvember 2004.*

**Páll Skúlason.**

*Tryggvi Þórhallsson.*